

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti  
b/t verkefnisstjórnar um rammaáætlun, Herdísar Schopka  
Skuggasundi 1  
IS-150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03.08.2016  
Tilvísun vor: 07.08

### Efni: Athugasemd við tillögu að flokkun R3110C Hrafnabjargavirkjun C

Með auglýsingu, dagsettri þann 11. maí 2016, óskaði verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar eftir athugasemdum við tillögu að flokkun virkjunarkosta eigi síðar en 3. ágúst 2016. Samkvæmt tillögunni leggur verkefnisstjórnin til að Hrafnabjargavirkjun C verði raðað í verndarflokk.

Helstu rök verkefnisstjórnar fyrir flokkun virkjunarkostsins í verndarflokk eru:

- *Hátt verðmætamat vegna náttúrufars og menningarminja*

Vegna 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafis og jarðvarma lét Orkustofnun vinna skýrslu (2002) um virkjanir í Skjálfandafljóti. Í henni var ráðgert að stífla Skjálfandafljót við Hrafnabjörg og mynda rúmlega 27 km<sup>2</sup> miðlunarlón og veita vatninu um jarðgöng til neðanjarðarvirkjunar með útrennsli í Mjóadalsá. Þessi kostur raðaðist í umhverfisflokk (b)<sup>1</sup> í 1. áfanga rammaáætlunar (nóv. 2003). Í 2. áfanga rammaáætlunar heitir þessi kostur Hrafnabjargavirkjun A og er með staðarnúmerið 10.

Núverandi útfærsla Hrafnabjargavirkjunar (Hrafnabjargavirkjun C) var þróuð í samvinnu við heimamenn og er með umtalsvert minni og afmarkaðri umhverfisáhrif en fyrri hugmyndir sem fallið hefur verið frá. Helstu kostir núverandi útfærslu Hrafnabjargavirkjunar eru:

- Frárennsli virkjunarinnar kemur út í Skjálfandafljót fyrir ofan Aldeyjarfoss þannig að rennsli um Aldeyjarfoss er ekki skert.
- Veitu Suðurár er sleppt og þar með verða engin áhrif á Suðurá, Ullarfoss í Svartá og vinsæl veiðisvæði í Svartá.

Stærð Hrafnabjargavirkjunar hefur verið minnkuð úr 88,5 MW (Hrafnabjargavirkjun A) í 36,5 MW (Hrafnabjargavirkjun C) til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Í ljósi þessarar forsögu kemur það því mjög á óvart hve áhrifamatseinkunn faghóps 1 í 3. áfanga rammaáætlunar lækkar lítið eða úr 8,5 fyrir Hrafnabjargavirkjun A niður í 8,2 fyrir Hrafnabjargavirkjun C.

### Athugasemdir við áhrifamat faghóps 1

Fallvötn og stöðuvötn: Varðandi þennan þátt er í viðauka 3 sérstaklega tilgreint fyrir allar þrjár útfærslurnar „Breytingar á farvegum og fossum“. Hér vekur athygli að

<sup>1</sup> Virkjanir í umhverfisflokki (b) í 1. áfanga rammaáætlunar voru taldar hafa lítil umhverfisáhrif.

áhrifamatseinkunnin er sú sama fyrir útfærslu A og B eða 13,4 en síðan lækkar einkunnin niður í 10 fyrir útfærslu C. Eðlilegt er að einkunn fyrir útfærslu B (sem hlífir Aldeyjarfossi) sé lægri en einkunn fyrir útfærslu A og síðan á einkunnin fyrir útfærslu C að vera lægst.

Fuglar: Áhrifamatseinkunnin er sú sama fyrir allar þrjár útfærslurnar. Ljóst er að áhrifamatseinkunnin á að vera lægst fyrir Hrafnabjargavirkjun C því að þar er ekki gert ráð fyrir veitu Suðurár sem hefur áhrif á búsvæði straumanda og húsanda við neðanverða Svartá.

Landslag: Allar útfærslur Hrafnabjargavirkjunar fá sömu áhrifamatseinkunn eða 10,5. Samt er á þessum útfærslum mikill munur. Þannig hefur Hrafnabjargavirkjun A áhrif á 4 fossa (Hrafnabjargafoss, Ingvararfoss, Aldeyjarfoss og Ullarfoss), Hrafnabjargavirkjun B áhrif á 3 fossa (Hrafnabjargafoss, Ingvararfoss og Ullarfoss) og Hrafnabjargavirkjun C áhrif á 2 fossa (Hrafnabjargafoss og Ingvararfoss). Leiðréttu þarf áhrifamatseinkunnina þannig að áhrifin af því að hlífa Aldeyjarfossi mælist sem lækkun á áhrifamatseinkunn Hrafnabjargavirkjunar B miðað við Hrafnabjargavirkjun A. Á sama hátt eiga áhrifin af því að hlífa Ullarfossi í Svartá að mælast sem lækkun á áhrifamatseinkunn Hrafnabjargavirkjunar C miðað við Hrafnabjargavirkjunar B.

## **Athugasemdir við áhrifamat faghóps 2**

Faghópur 2 leggur mat á áhrif virkjunar á ferðamennsku og útivist, beitarhlunnindi og veiðar. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við niðurstöður faghópsins:

Ferðamennska og útivist: Varðandi þennan þátt þá vekur það athygli hversu stór hluti afleiðingarstuðulsins kemur af svæðum sem eru utan þess svæðis sem virkjunin er á. Fyrir Hrafnabjargavirkjun A er afleiðingarstuðullinn 195,3 og þar af kemur 82,1 eða 42% af Kiðagilssvæði og Bárðardalssvæði. Fyrir Hrafnabjargavirkjun B er afleiðingarstuðullinn 176,5 og þar af kemur 66,7 eða 38% af Kiðagilssvæði og Bárðardalssvæði. Fyrir Hrafnabjargavirkjun C er afleiðingarstuðullinn 170,6 og þar af kemur 66,4 eða 39% af Kiðagilssvæði og Bárðardalssvæði. Með því að hlífa Aldeyjarfossi lækkar afleiðingarstuðull Hrafnabjargavirkjunar á Bárðardalssvæði um 11,5 (úr 43,4 niður í 31,9). Þetta vegur u.þ.b. jafn mikið og afleiðingarstuðull Hrafnabjargavirkjunar fyrir Skagafjarðardali sem er 10,9. Telja verður að vægi fjarsvæða Hrafnabjargavirkjunar vegi of mikið miðað við vægi Kiðagilssvæðis og Bárðardalssvæðis. Óskað er eftir því að afleiðingarstuðull Hrafnabjargavirkjunar C verði endurmetinn með hliðsjón af þessum athugasemdum.

## **Niðurstaða**

Landsvirkjun fer fram á að faghópur 1 yfirfari áhrifamatseinkunnir fyrir Hrafnabjargavirkjun C varðandi fallvötn og stöðuvötn, fugla og landslag. Þá fer Landsvirkjun fram á að faghópur 2 endurskoði áhrifamatseinkunnir fyrir Hrafnabjargavirkjunar C varðandi ferðamennsku og útivist.


Landsvirkjun gerir athugasemd við að Hrafnabjargavirkjun C sé raðað í verndarflokk. Þessi röðun virðist vera afleiðing þeirrar viðmiðunar verkefnisstjórnar að afmörkun landsvæða til friðlýsingar þurfi að vera sú sama og afmörkun áhrifasvæða. Í sérstöku bréfi, dags. 3. ágúst 2016, með almennum athugasemdum Landsvirkjunar eru gerðar alvarlegar athugasemdir við að tillögur um friðun heilla vatnasviða, þ.m.t. vatnasvið Skjálfandaflióts, sem byggi eingöngu á niðurstöðum faghóps 1 og að verkefnisstjórnin víkist þannig undan ákvæðum laga nr. 48/2011 að flokka virkjunarkosti á grundvelli allra stöða sjálfbærrar þróunar. Landsvirkjun mótmælir þessum vinnubrögum, og beinir þeim tilmælum til verkefnisstjórnar að endurskoða flokkun virkjunarkostsins og að við þá flokkun verði

ákvæðum laganna fylgt í hvívetna. Landsvirkjun telur að eðlilegra hefði verið, miðað við mat á verðmætum sem gætu tapast, að raða t.d. Hrafnabjargavirkjun A í verndarflokk og friðlýsa gagnvart orkuvinnslu afmarkað svæði næst Aldeyjarfossi og Hrafnabjargavirkjun B í verndarflokk og friðlýsa gagnvart orkuvinnslu meginfarveg Suðurár ofan ármóta við Svartá. Hrafnabjargavirkjun C ætti þá að raðast í biðflokk eða orkunýtingarflokk eftir því hvernig áhrif hennar eru metin.

Virðingarfyllt



Óli Grétar Blöndal Sveinsson  
framkvæmdastjóri



Jón Ingimarsson  
forstöðumaður